

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um Betri Reykjavík og Betri hverfi

### Ábyrgðaraðili:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð.

### Inngangur:

Í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 11. júní 2014 var ákveðið að gerð skyldi úttekt á kostum og göllum Betri Reykjavíkur og Betri hverfa og gerðar tillögur um næstu skref í rafrænu þátttökulýðræði. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands tók að sér verkefnið. Markmið úttektarinnar var tvíþætt; að afla heildarmyndar af verkefnunum og meta áhrif þeirra á þátttökulýðræði í Reykjavík og leggja þannig grunn að stefnumörkun til framtíðar. Stofnunin skilaði niðurstöðu úttektar um verkefnið þann 18. janúar 2016. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur til að stofnaður verði starfshópur til að rýna niðurstöður úttektarinnar og gera tillögur um framhald verkefnanna.

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er tvíþætt; annars vegar að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi Betri hverfa verkefnisins 2016 og hins vegar að gera tillögur að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skal í vinnu sinni taka mið af niðurstöðum ofangreindar úttektar auk annarra ábendinga sem borist hafa.

### Helstu verkefni:

- Greining á helstu niðurstöðum ofangreindar úttektar og gera tillögur að úrvinnslu ábendinganna sem þar koma fram
- Tillögur að úrbótum byggt á reynslu þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem komið hafa að lýðræðisverkefnum og öðrum ábendingum sem komið hafa fram og ekki er fjallað um í skýrslunni
- Samantekt upplýsinga um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar
- Tillaga að vinnulagi og hvernig samráð skuli háttað við hagsmunahópa við stefnumótun lýðræðismála
- Endurskoðun á verkferlum í Betri Reykjavík

### Starfshópurinn skipa:

- Unnur Margrét Arnardóttir (formaður), Theódóra Sigurðardóttir og Hreinn Hreinsson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.
- Ólafur Ólafsson, umhverfis- og skipulagsviði.
- Eggert Ólafsson, skrifstofa þjónustu og reksturs.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum innan sem utan borgarkerfis sem hafa reynslu eða sérþekkingu á viðfangsefni starfshópsins.

### Starfstímabil:

Starfshópurinn skili tillögum að fyrirkomulagi Betri hverfa 2016 eigi síðar en 3. mars 2016. Lokaskil hópsins á öðrum verkefnum starfshópsins verða síðan 15. maí 2016.

DRÖG